



Ljóð eru afar heppilegt ritunarform fyrir nemendur á öllum aldri. Formið er knappt en getur sagt mikið. Það er einlæg trú okkar að allir nemendur geti samið ljóð. Þegar nemendum er ætlað að yrkja ljóð skiptir miklu að kennarinn hafi áhuga á ljóðagerð. Nemendur og kennarinn þurfa fyrst að lesa alls kyns ljóð og ef nemendur hafa ekki kynnst ljóðum áður en þeir fara að semja sjálfir er hætt við að við náum ekki að kveikja áhuga þeirra og þeir hafi afar litla ánægju af þeim verkefnum sem hér er að finna. Nemendur þurfa að læra að meta ljóð og því er mikilvægt að kenna þeim að lesa með tilþrifum og ræða um ljóð. Það ætti að hvetja þá frá upphafi skólagöngu til að tjá í ljóðum hvernig þeim líður og hvað þeim finnst.

### Hugmyndir um hvað hægt er að gera til að glæða áhuga nemenda á ljóðum

Kennarinn gæti meðal annars:

- æft sig í að lesa ljóð upphátt og flytja síðan fyrir nemendur
- lært eitt eða tvo ljóð utanbókar og flutt fyrir nemendur
- haft heimavinnuljóð sem öll fjölskyldan á að lesa saman.
- boðið gestum í skólann til að flytja ljóð. Það geta verið einhverjir ljóðaunnendur, s.s. starfsmenn skólans, foreldrar eða ljóðskáld.

Kennarinn á að nota öll tækifæri til að vekja áhuga nemenda á margbreytileika orða. Í hverjum bekk á að stofna orðabanka þar sem nemendur og kennari leggja inn orð. Slíkur banki gefur af sér góða vexti til framtíðar. Slíkur undirbúningur af hálfu kennarans er mjög mikilvægur alla skólagönguna. Máli skiptir að nemendur átti sig á þeirri staðreynd að ljóð geta verið margvísleg. Litróf ljóðanna er fjölbreytt, allt frá því að vera hefðbundin með rími og til þess að vera stutt eins og þetta ljóð:



## „egg”

Kjartan Hágrét.

Myndræn eins og þetta ljóð:

*Hann straukst við stúlkuna  
sem raðar kókinu í hillur  
með hvítum armi  
og hann fann að hárið ilmaði sem lyng  
og hann fann fyrir ungum barmi  
og það var alveg einstök tilfinning*

Ljóðin sjálf geta líka birst sem mynd:

## Fall

*Þú varst aðeins  
l  
y  
k  
k  
j  
u  
f  
a  
l  
l  
á sokkabuxunum mínum.*



## Ljóðadagbók

Dagbækur sem nemendur skrifa í daglega er hægt að nota þegar unnið er með ljóð. Þegar nemendur eru að skrifa í dagbók gefst þeim tækifæri til að tjá hugsanir sínar og skoðanir án þess að vera bundnir efnisvali.

### Ljóð fyrstu skrefin

Áður en nemendur byrja að yrkja er gott að prófa eitt eða öll eftirfarandi verkefni.

### Hvaða verkfæri þarf ljóðskáld?

Fáðu lánaða verkfæratöskuna hjá umsjónarmanni skólans nokkra daga í röð og segðu bekknum að þú þurfir að laga ýmislegt í stofunni. Til dæmis hillurnar einn daginn, vaskinn annan og síðan koll af kalli. Nemendur eru spurðir hvaða verkfæri þú þurfir í hvert skipti. Niðurstöður eru skráðar niður og varðveittar. Að lokum segist þú vera ljóðskáld sem ætlir að semja ljóð og spurt er *Hvaða verkfæri þarf ljóðskáld?* Svör nemenda eru rædd og þeim sagt að þeir hafi sjálfir öll verkfæri sem ljóðskáld þarf.

### Hvað er ljóð?

Nemendur eru spurðir hvað þeir haldi að ljóð sé. Svörin eru jafn ólík og nemendur eru og svör þeirra eru skráð. Næsta spurning sem nemendur fá er *Að hvaða leyti eru ljóð mismunandi?* Svörin eru aftur skráð og varðveitt. Þegar nemendur eru byrjaðir að semja eigin ljóð er þeim frjálst að bæta svörum við listann og strika önnur út.

### Hvernig lítur ljóðskáld út?

Það er gaman að spyrja nemendur hvort þeir gætu þekkt ljóðskáld úr hópi fólks. Margir hafa fastmótaðar hugmyndir um ljóðskáld og nokkrir telja að öll ljóðskáld séu fyrir löngu dáin. Í kjölfarið á umræðunni er hægt að sýna nemendum myndir af lifandi ljóðskáldum og jafnvel fá eitt í heimsókn.

### Um hvað yrkja ljóðskáld?

Þegar nemendur eru spurðir um yrkisefni ljóðskálda eru svör þeirra yfirleitt: ást milli einstaklinga eða til landsins. Sumir nefna dýr, árstíðir og jólin. Listinn með hugmyndum þeirra er hengdur upp og næstu daga les kennarinn ljóð fyrir nemendur sem eru fjarri hugmyndum þeirra um yrkisefni.

### Hvaða ljóði hefur þú gaman af?

Hægt er að gera skoðanakönnun meðal nemenda á því hvaða ljóð er í uppáhaldi. Í verkefnalistanum er hægt að prenta út spurningalista fyrir nemendur.



Í okkar nánasta umhverfi leynast alls konar skemmtileg form og mynstur sem við tökum ekki eftir. Í öllum skólum eru til stafrænar myndavélar sem hægt er að lána nemendum og senda þá út til að taka nokkrar myndir. Markmiðið er að kenna þeim að horfa á umhverfið með nýjum hætti, taka eftir birtu, dýpt og formi. Þegar nemendur hafa tekið myndirnar er hægt að semja ljóð við þær. Eitt lítið strá fær annað sjónarhorn, verður listaverk í augum ljósmyndarans og ódauðlegt í bundnu máli.

Hér á eftir eru tvö ljóð eftir nemendur í Ölduselsskóla:

## Vetur

Vetur er kaldur  
vetur er leiðinlegur  
vetur er hvítur  
ef ég hefði veturinn í hendinni  
þá mundi ég borða hann.

## Haust

Gulu laufblöðin  
frjósa í hel.  
Hanga á trjánnum  
og bíða eftir að losna.

Hvítur snjórinn  
felur sig í skugganum.  
Greinarnar verða berar  
og bíða eftir vorinu.



## Hugmyndir að stuttum ljóðaverkefnum

### Ljóð í staðinn fyrir ...

Þegar nemendur eiga að skrifa um bók sem þeir hafa lesið eða lýsingu á vettvangsferð má oft heyra kvörtunartón fara um nemendahópinn. Hvernig væri að segja nemendum að semja ljóð um bókina eða ferðina?

### Ljóð sem lýsa skynjun

Góð leið til að kveikja áhuga nemenda á að semja ljóð er að láta þá semja ljóð sem lýsa skynjun. Nemendur velja sér hlut og lýsa honum með öll skynfærin í huga lykt, hljóð, snerting, bragð ef það er við hæfi og hvað ber fyrir augun.

### Ljóð í umhverfinu

Það er mikilvægt að opna augu nemenda fyrir nánasta umhverfi sínu. Umhverfi sem þeir telja sig gjörþekkja en gera það ekki þegar betur er að gáð. Nemendur eru beðnir að skoða rusl á skólalóðinni, veggjakrot, umferðarmerki, götuskilti, bílategundir og fleira sem þeim dettur í hug. Niðurstöðum er síðan raðað upp í ljóð og útkoman getur verið ansi sköndin.



Viðfangsefnið einelti er vandmeðfarið en þar sem það er staðreynd í öllum grunnskólum er mikilvægt fyrir nemendur að hugleiða og vinna með það. Áður en nemendur gera fyrsta uppkast að ljóði um einelti þarf að undirbúa verkefni. Hægt er að:

- hafa þankahríð um efnið. Nemendur eru beðnir um að varpa fram orðum sem lýsa gerendum í einelti og hvað einkenni hegðun þeirra. Orðin eru sett í orðaskjóðu.
- gera greinarmuna á einelti sem er líkamlegt eða andlegt. Orðum sem særa er bætt í orðaskjóðuna.
- lýsa leiðum til að takast á við gerendur og þær eru skráðar.
- hugleiða hverjir það eru sem leggja í einelti. Hér er mikilvægt að beina sjónum nemenda því að það eru ekki einungis börn sem leggja í einelti.



Hversdagslegir hlutir geta orðið nemendum yrkisefni. Verkefnið *Herbergið mitt* er dæmi um slíkt. Tilgangur þess er að beina sjónum nemenda að nánasta umhverfi sínu. Kennarinn kynnir verkefnið fyrir nemendum og biður þá að hugsa sér hlut í herberginu til að semja ljóð um. Til að gefa þeim hugmynd er gott að lesa ljóð Þórarins Eldjárns, *Hillur*.

## Hillur

Hillurnar eru háar og lágar  
hillurnar eru margar og fáar.  
Hillurnar eru þykkar og þunnar  
þær geta verið djúpar og grunnar.

Við höfum svo margt í hillum  
hlutum upp þar stillum  
á þær tyllum  
alveg fyllum.

Þar er í röðum  
þar er í hlöðum  
allt sem á þar heima  
eða þarf að geyma  
og margt sem mætti gleyma.

Þar eru tæki og töskur  
tennur og myndir og flöskur.  
Þar eru kleinujárn, borvélar, brækur  
og BÆKUR.

Þær sitja eins og fuglar á syllu.  
Sumar á rangri hillu.

Nemendur fara heim með vinnublaðið *Herbergið mitt*.